



329. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 24. nóvember 2022 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ.

Teams: Gunnar Bragason gjaldkeri, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud.

Forföll: Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson og Hörður Þorsteinsson.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá skrifstofu og fagsviðum

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir það helsta í samantekt um helstu verkefni á skrifstofu ÍSÍ og hjá fagsviðum, sem fylgdi fundargögnum stjórnar.

Búið er að ráða Kára Stein Reynisson í starf rekstrarstjóra og Sigríði Unni Jónsdóttur í starf sérfræðings í kynningarmálum. Kári Steinn hefur störf í desember og Sigríður Unnur um miðjan janúar.

Framkvæmdastjóri skýrði frá stöðu mála varðandi ráðningu í starf afreksstjóra en ráðning frestast tímabundið vegna ýmissa þátta. Umræður urðu um málið.

2. Fjármálaupplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir fjárhagsáætlun og raunstöðu í rekstri. Reksturinn er í góðu jafnvægi. Huga þarf að því að fá nýja samstarfsaðila inn í Ólympíufjölskyldu ÍSÍ, sem samanstendur nú af þremur fyrirtækjum; Icelandair, Íslenskri getsþá og Toyota.

3. Viðbragðsáætlun

Samræmd viðbragðsáætlun var gefin út formlega 4. nóvember sl. Fulltrúar frá Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs munu kynna viðbragðsáætlunina á Formannafundi ÍSÍ á morgun.

4. Bjartur lífsstíll

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hafi samþykkt viðbótar fjárveitingu til heilsueflingar eldra fólks fyrir árið 2023. Gert er ráð fyrir því að ráðningarsamningar verkefnastjóra LEB og ÍSÍ verði framlengdir út árið 2023.

5. Heilbrigðisþing 2022 - lýðheilsumál

Heilbrigðisþing fór fram 10. nóvember sl. og var áhersla lögð þar á lýðheilsumál. ÍSÍ átti nokkra fulltrúa á þinginu en alls sóttu á fjórða hundrað manns þingið. Verkefnastjórar Bjarts lífsstíls voru þar með fyrirlestur sem féll í góðan jarðveg. Á þinginu voru kynnt drög að aðgerðaráætlun lýðheilsustefnu sem verkefnahópur skipaður af heilbrigðisráðherra vinnur nú að.

Viðar Garðarsson sem situr í verkefnahópi heilbrigðisráðherra skýrði frá störfum hópsins og helstu áherslum.

Forseti lagði til að ÍSí skoði vel aðkomu íþróttahreyfingarinnar að lýðheilsumálum þjóðarinnar og taki frumkvæði gagnvart átaki í þeim málum. Skoðað verður hvort að ástæða er til að stofna vinnuhóp í þessum tilgangi.

Forseti skýrði frá verkefni sem forseti Íslands er að fara af stað með, „Lýðheilsuverðlaun forseta Íslands“. Forsetinn hefur leitað til ÍSí um samstarf um verkefnið. Samþykkt að verða við þeirri ósk en forsetaembættið mun fljótlega boða til fundar og kynna verkefnið frekar.

6. Bréf BLÍ, FRÍ, FSÍ, HSÍ, KKÍ, KSÍ og SSÍ vegna ríkisstyrks til sérsambanda

Forseti skýrði frá erindi ofangreindra sérsambanda þar sem fram kemur áskorun til framkvæmdastjórnar ÍSí um að koma erindinu til íþrótt- og barnamálaráðherra í þeim tilgangi að hækka ríkisstyrk vegna ríkisstyrks til sérsambanda. Styrkurinn hefur ekki fylgt launaþróun og verðlagshækkunum.

Samþykkt að koma erindinu á framfæri við ráðuneytið.

Umræður urðu um ríkisstyrkinn og stöðu mála.

7. Góðir stjórnunarhættir – viðmið ÍSí

Lögð fram drög að viðmiðum ÍSí um góða stjórnunarhætti, sem Jón Reynir Reynisson og Garðar Óli Ágústsson hafa unnið fyrir ÍSí. Verkefnið, sem ætlað er fyrir sérsambönd, í fyrsta fasa, er langt komið og verður kynnt á Formannafundi ÍSí á morgun. Gert er ráð fyrir því að viðmiðin verði rýnd með völdum sambandsaðilum þegar það er fullunnið og sett í rafrænt form.

8. Formannafundur 2022

Framkvæmdastjóri fór yfir dagskrá Formannafundar ÍSí og fyrirkomulag. Fundurinn verður í félagsaðstöðu Hestamannafélagsins Fáks, í Víðidal, og hefst kl. 15:30. Á undan fundinum verða kynningar um samræmda viðbragðsáætlun og viðmið ÍSí um góða stjórnunarhætti.

9. Íþróttþing ÍSí

Samþykkt að 76. Íþróttþing ÍSí verði haldið dagana 5. og 6. maí nk.

10. Undirbúningur lagabreytinga fyrir Íþróttþing ÍSí 2023

Undirbúningur lagabreytinga fyrir Íþróttþing 2023 er hafinn. Samþykkt að leita til Hauks Arnar Birgissonar hæstaréttarlögmanns til að leiða það starf.

11. Tilnefning fulltrúa ÍSí í starfshóp um stöðu og réttindi afrekíþróttafólks

Tekið fyrir erindi mennta- og barnamálaráðuneytis þar sem óskað er eftir tilnefningu karls og konu frá ÍSí í ofangreindan starfshóp.

Samþykkt að tilnefna Knút G. Hauksson formann Afrekssjóðs ÍSí og Kristínu Birnu Ólafsdóttur sérfræðing á Afrekssviði ÍSí, sem fulltrúa ÍSí.

12. Tilnefning fulltrúa ÍSí í Íþróttanefnd ríkisins

Tekið fyrir erindi mennta- og barnamálaráðuneytis þar sem óskað er eftir tilnefningu aðalfulltrúa og varafulltrúa ÍSí í Íþróttanefnd.

Samþykkt að heimila forseta ÍSÍ að tilnefna í nefndina, í samræmi við umræður fundarmanna þar að lútandi, þegar upplýsingar liggja fyrir um hvort að breyta eigi hlutverki nefndarinnar frá því sem verið hefur.

13. Tilnefning fulltrúa ÍSÍ í Sjálfbærniráð, í tengslum við samstarfsvettvanginn Sjálfbært Ísland

Tekið fyrir erindi frá forsætisráðuneytinu þar sem óskað er eftir tilnefningu karls og konu frá ÍSÍ í ofangreint ráð. ÍSÍ mun eiga einn fulltrúa í ráðinu.

Samþykkt að tilnefna Andra Stefánsson framkvæmdastjóra og Höllu Kjartansdóttur sviðstjóra Stjórnsýslusviðs ÍSÍ.

14. Tilnefning í stjórn Íslenskra getrauna

Tekið fyrir erindi mennta- og barnamálaráðuneytis þar sem óskað er eftir tilnefningu karls og konu frá ÍSÍ, í stjórn Íslenskra getrauna.

Samþykkt að tilnefna Hafstein Pálsson 2. varaforseta ÍSÍ og Hildi Karen Aðalsteinsdóttur úr framkvæmdastjórn.

15. Sjálfboðaliðaverkefni

Framkvæmdastjóri skýrði frá ráðstefnu sem mennta- og barnamálaráðuneytið stendur fyrir á Degi sjálfboðaliðans, 5. desember nk.

Einnig skýrði hann frá samstarfsverkefni ÍSÍ og Íslenskrar getspar um útnefningu Íþróttældhuga ársins, á sameiginlegu hófi ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna um kjör Íþróttamanns ársins, þann 29. desember nk.

Sérstök valnefnd mun sjá um að velja Íþróttældhugann.

16. Íþróttamaður ársins 2022

Framkvæmdastjóri skýrði frá stöðu mála. Sendar verða upplýsingar um endanlega staðsetningu og fyrirkomulag um leið og upplýsingar liggja fyrir.

17. Heiðranir

Hafsteinn Pálsson formaður Heiðursráðs ÍSÍ lagði fram tillögu Heiðursráðs um útnefningu í Heiðurshöll ÍSÍ, sem gert er ráð fyrir að verði tilkynnt á hófi Íþróttamanns ársins 29. desember nk.

Samþykkt að útnefna Guðrúnu Arnardóttur frjálsíþróttakonu næsta inn í Heiðurshöll ÍSÍ.

Guðrún Arnardóttir, fædd 1971, sérhæfði sig í 400 m grindarhlaupi og hennar stærsta afrek var að landa 7. sæti í úrslitahlaupinu á Ólympíuleikunum í Sydney í Ástralíu árið 2000. Sama ár varð hún í 2. sæti í sömu grein á Grand Prix móti í London og í 2. sæti á Grand Prix móti í Linz. Guðrún keppti einnig á Ólympíuleikunum í Atlanta árið 1996, varð í fyrsta sæti í sínum riðli og síðan 6. í undanúrslitum (semi-finals). Guðrún varð í 9. sæti á HM í Aþenu árið 1997 og í 4. sæti í 400 m grindarhlaupi á EM í Búdapest árið 1998. Á Smáþjóðaleikunum á Íslandi hlaut hún fjögur gullverðlaun, í 200 m, 400 m, 100 m grindarhlaupi og 4x100 m boðhlaupi á Smáþjóðaleikunum í Andorra 1991 vann hún tvö gull og eitt silfur.

Guðrún varð fimm sinnum Íslandsmeistari á árunum 1998 og 1999 og setti mörg Íslandsmet í spretthlaupum á ferlinum, bæði innan- og utanhúss á árunum 1996 – 2000. Hún hefur hlotið heiðursviðurkenningu í Bandaríkjum (Drake Relays Hall of Fame) fyrir frábær afrek í 400 m grindarhlaupi á háskólaárum hennar þar í landi.

Á milli funda voru eftirfarandi heiðursveitingar samþykktar með rafrænum hætti og eru hér færðar til bókunar:

UMSK, afhent á 100 ára afmælishátíð UMSK í félagsheimilinu Hlégarði í Mosfellsbæ, 19. nóvember sl.:

Heiðurskross ÍSí: Snorri Olsen, Stjörnunni - Garðabæ.

Gullmerki ÍSí: Ellen Dröfn Björnsdóttir, Dansíþróttafélagi Kópavogs, Sigurður Rúnar Magnússon, Aftureldingu og Valdimar Smári Gunnarsson, fv. framkvæmdastjóri UMSK.

18. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 328. fundur framkvæmdastjórnar
- Heiðursráð ÍSí frá 2. nóv. og 9. nóv. 2022

19. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

20. Næstu fundir framkvæmdastjórnar

Síðasti fundur ársins er áætlaður í hádeginu 15. desember nk. Boðið verður upp á jólamat.

21. Önnur mál

Fundur með sérsamböndum

Knútur G. Hauksson formaður Afrekssjóðs ÍSí rifjaði upp fund með A-sérsamböndum ÍSí þar sem komu fram margar góðar ábendingar, meðal annars varðandi gegnsæi og góða stjórnunarhætti. Á fundinum með sérsamböndum kom einnig fram ósk um birtingu fundargerða sjóðsins en það er í höndum framkvæmdastjórnar ÍSí að taka ákvarðanir varðandi birtingu fundargerða nefnda og sjóða sambandsins. Málið verður skoðað.

Reglur Afrekssjóðs ÍSí

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí hefur endurskoðað reglur Afrekssjóðs ÍSí og leggur til að þær verði samþykktar óbreyttar en mikilvægt er að fara í ítarlega endurskoðun á reglugerðinni við fyrsta tækifæri. Tillagan samþykkt.

COVID styrkir

Forseti skýri stöðu mála. Styrkupp hæð til íþróttahreyfingarinnar er einungis 350 milljónir króna á fjárukalögum, í stað 500 milljóna sem gengið var út frá að yrði framlag til hreyfingarinnar að þessu sinni. Unnið er að því að fá leiðréttingu á upphæðinni og er vonast til þess að fá niðurstöðu í því máli innan skamms.

Vonast er til þess að fjárukalögin verði afgreidd í desember og hægt verði að greiða styrki út til hreyfingarinnar strax í kjölfarið.

Tillaga UMFÍ um starfsstöðvar á landsvísu

Framkvæmdastjóri skýrði frá því fulltrúar UMFÍ í vinnuhópi ÍSÍ um íþróttahéruð hafi kynnt fyrir hópnum tillögur sem vinnuhópur UMFÍ um sama málefni lagði fyrir íþróttahéruð innan UMFÍ á Sambandsráðsfundi UMFÍ í október sl. og fjalla um hugmyndir að starfsstöðvum um landið. Hefur vinnuhópur UMFÍ fengið heimild frá íþróttahéruðunum innan sinna vébanda til að halda áfram að vinna að þeim hugmyndum.

Um er að ræða svipaðar hugmyndir og áður hafa komið fram, meðal annars hjá millipinganefnd ÍSÍ sem skilaði af sér niðurstöðum árið 2006 og kynntar voru á fundum með íþróttahéruðum í öllum landsfjórðungum.

Vinnuhópur ÍSÍ um íþróttahéruð hefur málið til frekari skoðunar.

Fyrirkomulag á stjórnarfundum

Forseti lagði til að á stjórnarfundum yrðu reglulega kynningar starfsfólks á ýmsum verkefnum, til að auka upplýsingaflæði til stjórnarfólks um verkefni sambandsins og auka samskipti starfsfólks og stjórnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari